

Eystrahorn

11. tbl. 39. árgangur

Fimmtudagurinn 18. mars 2021

www.eystrahorn.is

Mikilvægi Hornafjarðarflugvallar



Á tímum sem þessum þar sem allar líkur eru á því að eldsumbrot séu að hefjast á Reykjanesskaganum (ef þau eru ekki hafin þegar þessi grein birtist) þurfum við að huga sérstaklega að flugsamgöngum til og frá landinu. Það er gríðarlega mikilvægt að flugvöllir á landsbyggðinni verði eflir. Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöllur hafa verið eflir síðustu ár en ekki hefur það sama verið upp á teningnum á Hornafjarðarflugvelli. Þar hefur verið stöðugt dregið úr þeirri þjónustu sem hægt er að sækja, sem skýtur skökku við þegar verið er að efla landsbyggðina. Hornafjarðarflugvöllur gegnir gríðarlega mikilvægu hlutverki í þeirri uppbyggingu sem getur orðið á næstu árum í kringum Hornafjörð, hann er því ein af lífæðum samfélagsins í kringum Hornafjörð.

Opna aftur á millilandaflug og breikka flugbrautina

Nú er svo komið að verið er að setja upp ný aðflugsljós og í leiðinni að færa þau á vellinu með þeim afleiðingum að flugbrautin þrengist til muna. Við þessa þrengingu er ekki lengur möguleiki á því að stærri vélar lendi á vellinum og jafnvel mun áætlunarflug raskast yfir vetrartímann ef vindur og hálfka eru á brautinni. Það er ámælisvert að Ísavia ríkisrekið fyrirtæki sé að draga úr þeirri þjónustu sem hægt var að fá á

flugvellinum með því að færa aðflugsljós og þrengja með því flugbrautina, það kemur í veg fyrir uppbyggingu til framtíðar og fer gegn vilja Hornfirðinga og þingmanna Sjálfstæðisflokks sem hafa lagt það til að gera völlinn aftur að millilandaflugvelli fyrir litlar og meðalstórar vélar. Af hverju stoppar samgöngumálaráðherra ekki strax þessar framkvæmdir? Sér í lagi vegna væntanlegra eldsumbrota. Við erum með eina einfalda tillögu til samgöngumálaráðherra og hún er að gera Hornafjarðarflugvöll strax að millilandaflugvelli aftur en því hlutverki þjónaði hann í mörg ár. Það að gera hann að millilandaflugvelli er ekki flókið. Búið er að setja undirlag fyrir breiðari flugbraut sem aðeins á eftir að malbika. Það er stór flugstöð við flugvöllinn sem auðvelt er að hólfa niður þannig að hún geti þjónað bæði innanlandsflug og millilandaflug. Þessi ákvörðun að skerða möguleika Hornfirðinga til framtíðar með því að þrengja enn frekar að Hornafjarðarflugvelli er algerlega óskiljanlega.

Hornafjörður landfræðilega hagkvæmur

Gaman er að rifja það upp að einn merkasti atburður í flugsögu Íslands var á Hornafirði þegar Eric Nelson flaug til Hornafjarðar 2. ágúst 1924. Flugíð markaði gríðarleg tímamót

fyrir Hornfirðinga, Íslendinga og í raun heimsbyggðina alla því með afreki sínu var Nelson búinn að greiða leiðina milli Íslands og Evrópu fyrstur manna. Það er ekki tilviljun að Nelson valdi Hornafjörð sem viðkomustað sinn enda er styst til Hornafjarðar þegar flogið er frá Evrópu. Með því að opna Hornafjarðarflugvöll sem millilandaflugvöll aftur gætum við þvi minnkað kolefnisfótspor frá flugi. Á Hornafirði eru gríðarlega góð skilyrði til flugs og oftast er flugfært þangað því fjöll eru engin fyrirstaða. Vonandi mun samgöngumálaráðherra snúa þessari ákvörðun að færa aðflugsljós á Hornafjarðarflugvelli og opna hann strax sem millilandaflugvöll.



Róbert Matthíasson bæjarfulltrúi
Sjálfstæðisflokks

Valgerður Sigurðardóttir borgarfulltrúi
Sjálfstæðisflokks



Húsgagnaval
Húsgögn og gjafavörur

Margt fallett og nytsamlegt fyrir fermingarbarnið
Rúm, rúmgafur, náttborð, rúmföt, lampar, vekjaraklukkur, útvörp
speglar ofl í herbergið
Útivist: tjald, svefnpoki, bakpoki og fl.
Opíð virka daga frá kl. 13:00-18:00
Símar: 478-2535 / 898-3664



HAFNARKIRKJA

Kyrrðarstund á föstu fimmtudaginn 18. mars kl. 18:15

Sjá nánar á [www.
bjarnanesprestakall.is](http://www.bjarnanesprestakall.is)
Virðum sóttvarnarreglur
Allir velkomnir.
Prestarnir

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA FÉLAGAR ATHUGIÐ



SAMVERA föstudaginn
19. mars kl. 17:00 í Ekrú.

Þorbjörg og Fjölur á Hala fara með
okkur á fornar slóðir í Suðursveit.

Komið og njótið stundarinnar með
þeim.

Við gætum að sóttvörnum, munið
grímurnar.

Hvítasunnukirkjan
Lifandi vatn

- Lifandi kirkja með lifandi boðskap -

Sunnudaginn 21. mars 2021 kl. 17:00
Uppörvandi boðskapur

- Ræðumaður -
Halldór Sævar Birgisson

Næsta sunnudag mun Halldór
deila með okkur boðskap
hvatningar og uppörvunnar.



Halldór og eiginkona hans,
Cristiane Oliveira,
hafa veitt söfnuðinum forstöðu
frá árinu 2015.

Allir Velkomnir

**Samkomur
sunnudaga**
Klukkan 17:00

**Bænastundir
fimmtudaga**
Klukkan 19:30

Fylgist með okkur á Facebook
Hvítasunnukirkjan Lifandi Vatn

Sláturfélagið Búi svf.

Boðar til aðalfundar félagsins sem
haldinn verður þriðjudaginn **18. mars**
n.k. í Mánagarði og hefst kl. 20:00

Venjuleg aðalfundarstörf í samræmi við
ákvæði 21. greinar samþykpta félagsins.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta vel
og stundvíslega.

Munum grímuskylduna.

Stjórn Sláturfélagsins Búa svf.

Eystrahorn

Styrktaráskrift

Viltu styðja við útgáfu
Eystrahorns ?
Kynntu þér málið á:
[www.eystrahorn.is/
styrktaraskrift/](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/)

Eystrahorn

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang:tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes

Umbrot:Tjörvi Óskarsson

Prentun:Litlaprent

ISSN 1670-4126

PÁSKAHELGIHALD BJARNANESPRESTAKALL

Pálmisunnudagur	kl. 11:00	Ferming í Kálfafellsstaðarkirkju
Skírdagur	kl. 11:00	Ferming í Hafnarkirkju
Skírdagur	kl. 15:00	Hátíðarmessa í Hofskirkju í Örafum
Föstudagurinn langi	kl. 14:00	Tígnun krossins í Hafnarkirkju
Laugardagur fyrir páska	kl. 11:00	Ferming í Hafnarkirkju
Laugardagur fyrir páska	kl. 13:00	Ferming í Hoffellskirkju (einkaathöfn)
Páskadagur	kl. 10:30	Hátíðarmessa í Hafnarkirkju
Páskadagur	kl. 13:00	Hátíðarmessa í Bjarnaneskirkju

Vorverkin og garðaúrgangur



Nú þegar íbúar eru farnir að huga að vorverkum í gördum sínum er ekki úr vegi að fjalla aðeins um garðaúrgang. Á síðastliðnu hausti var lokað á aðgengi að Fjánhúsavík þar sem íbúar hafa á undanförunum árum fengið að losa garðaúrgang frá lóðum sínum. Svæðinu var því miður lokað vegna slæmrrar umgengni og vegna þess að verið var að losa á svæðinu ýmisskonar úrgang sem ekki á þar heima, s.s. byggingar- og niðurrifsúrgang.

Núna ætlar sveitarfélagið að láta aftur reyna á að hafa Fjánhúsavík opna.

Fjánhúsavík er eingöngu ætluð fyrir losun á garðaúrgangi frá íbúum sveitarfélagsins.

Starfsfólk biðlar til íbúa um að ganga vel um svæðið og taka með sér allt rusl sem mögulega getur fylgt með garðaúrgangnum. Ruslatunna er á svæðinu sem hægt er að setja poka í eftir að gras og gróðurleifar hafa verið losuð úr honum, þó að best sé að taka hann með aftur heim og endurnýta.

Sé fólk í vafa um hvort úrgangurinn eigi heima í Fjánhúsavík er fólki velkomið að hafa samband á vinnutíma við Önnu umhverfisfulltrúa í síma 470-8007 eða Skúla í áhaldahúsinu í síma 470-8027 til þess að fá nánari upplýsingar og ráðleggingar. Áfram mun gámaportið á Höfn taka við garðaúrgangi og steinefnum (t.d. múrbroti).

Losunarstaðir fyrir úrgang eru takmörkuð auðlind. Nýtum þá með hófsemi og förum vel með bæjarlandið. Hjálpumst að og minnum hvort annað á umgengnis reglurnar.

Góð gjöf frá Lionsklúbbi Hornafjarðar



Jóhanna tekur á móti spjaldtölvunum

Lionsklúbbur Hornafjarðar færði hjúkrunarheimilinu Skjólgarði góða gjöf þriðjudaginn 16. mars síðastliðinn er Lionsmenn afhentu Jóhönnu Sigríði Sveinsdóttur, hjúkrunarstjóra Skjólgarðs, 6 Samsung spjaldtölvur með hulstrum.

“Þetta mun koma sér vel í að efla gæði þjónustunnar sem við veitum, afþreyingu fyrir heimilismenn en ekki síður tengingu við aðstandendur sem búa fjarri Hornafirði.” segir Jóhanna.

Skjólgarður þakkar Lionsklúbbi Hornafjarðar kærlega fyrir þessa veglegu gjöf.

Húsnæði óskast

Fjölskylda óskar eftir 4-5 herbergja íbúð eða húsi til leigu sem fyrst.

Skilvísun greiðslum heitið.


Hafsteinn Ísaksen

Farsími: 760-3720

hafsteinn.isaksen@gmail.com

Múrfeðgar

Tökum að okkur fræsingu fyrir gólfhitalagnir




Fræsing: 5.700 kr. m² m/vsk. Rör innifalin.
Flotun: 1.430 kr. m² m/vsk. Án efnis.

Hafið samband

Ingvar S: 863-7745 &

Snæbjörn S: 867-2882



Frá haus að hala

Opið í kjötvinnslunni milli 14:00-17:00
miðvikudaga og fimmtudaga

Hægt að hafa samband utan
opnunartíma í síma 847-6066

Menningarhátíð í Nýheimum

Föstudaginn 12. mars var mikið um dýrðir hér í Sveitarfélaginu Hornafirði, en þá var haldin vegleg menningarhátíð Sveitarfélagsins í Nýheimum, þar voru afhentir styrkir og viðurkenningar sveitarfélagsins.

Alls voru 27 styrkir veittir, það voru styrkir menningarmálanefndar, bæjarráðs, fræðslu- og tómstundarnefndar, sem og styrkir úr atvinnu- og rannsóknarsjóði.

Matthildur Ásmundardóttir bæjarstjóri setti hátíðina og kom fram í máli hennar mikilvægi þess að koma saman og fagna fjölbreyttri menningu, umhverfisvitund og frumkvöðlastarfi í sveitarfélaginu því menning er samofin samfélaginu og órjúfanlegur hluti þess.

Menningarverðlaun fyrir árið 2021

Menningarverðlaun hafa verið veitt frá árinu 1994 og í ár voru fjórar tilnefningar til verðlaunanna. Fram kom í ræðu Kristján S. Guðnasonar formanns atvinnu- og menningarmálanefndar að hlutverkverðlauna er að veita hvatningu til handa listamönnum, fræðimönnum og áhrifavöldum fyrir verk sín. Það að vera tilnefndur er heiður og sönnun þess að verkin ykkar skipta okkur máli.

Ingvar Þórðarson hlaut Menningarverðlaun fyrir sitt ævistarf til menningarmála. Ingvar hefur verið einn af hornsteinum leiklistarlífs á Hornafirði. Hann hefur leikið í fjölda uppsetninga og verið einn af fremstu leikmyndasmiðum í gegnum árin. Einnig hefur hann setið í stjórn Leikfélags Hornafjarðar um árabil. Ingvar hefur leikið stór og smá hlutverk í gegnum árin og skilað sínu verki vel.

Atvinnu og rannsóknarsjóður

Bjarni Ólafur Stefánsson fulltrúi í Atvinnu- og menningarmálanefndar afhenti styrki atvinnu og rannsóknarsjóðs, fram kom í máli hans að í ár hafi nefndinni borist tólf metnaðarfullar umsóknir í sjóðinn. Hljóðaði heildarupphæð umsóknanna upp á rúmar tíu miljónir en alls voru 2.250 þúsund króna til úthlutunar.

Einnig tók Bjarni Ólafur fram að meginhlutverk sjóðsins væri: „Að efla byggð og atvinnu í Sveitarfélaginu Hornafirði og er sjóðnum ætlað að veita styrki til verkefna sem lúta að atvinnuþróun, rannsóknum og nýsköpun í Sveitarfélaginu Hornafirði.“

Í ár var áttahundrað þúsund úthlutað úr A-hluta og hlaut Glacier Adventure styrkinn að þessu sinni fyrir verkefnið „Sumarbúðir hjá Jökla- og fjallasetrinu á Hala“ Verkefnið Sumarbúðir hjá Jökla- og fjallasetrinu á Hala er undirmerkið í stærra verkefni sem Glacier Adventure ehf ásamt fl. standa fyrir og snýr að uppbyggingu á Jökla- og fjallasetri. Úr B-hluta var úthlutað 1.450 þús. kr. Náttúrustofa Suðausturlands fyrir verkefnið „Hve djúp eru jökullónin?“ 400 þúsund og Fuglaathugunarstöð Suðurlands fékk 250 þúsund kr. til verkefnisins „Helsingar“. Nýheimar Þekkingarsetur hlaut styrk út B sjóði 400 þúsund í verkefnið „Staða og líðan ungra karlmannna í landsbyggðarsamfélagi“ og



Þorvarður Árnason hlaut 150.000 króna styrk fyrir verkefnið „Litbrigði vetrarins (Colours of Winter)“. Þorbergssetur hlaut 250.000 króna styrk fyrir verkefnið „Eymundur og Halldóra í Dilksnesi“

Umhverfisviðurkenningar

Finnur Smári Torfason, varaformaður umhverfis- og skipulagsnefndar veitti umhverfisviðurkenningar fyrir hönd nefndarinnar.

Tilgangur viðurkenninganna er að vekja íbúa sveitarfélagsins til umhugsunar um gildi náttúru og umhverfis á samfélagið og jafnframt að hvetja þá til að sýna náttúru og umhverfi tilhlýðilega virðingu. Í ár voru veittar þrjár viðurkenningar. Í flokki einstaklinga fyrir snyrtilega lóð, fyrirtækja og stofnana og í flokki lögbýla.

Mörk að Höfðavegi 7, Sveinn Guðmundsson hlaut umhverfisviðurkenningu fyrir snyrtilegan og fjölbreyttan garð. Fyrir lögbýli Arnór Fjölisson og Marie-Loise Johansson að Breiðabólstað 5 Það minnir að örlítið á skandinavískan herragarð að koma að býlinu þeirra. Mjög skemmtilega skipulögð og snyrtileg lóð með fallegum blómum og trjám. Fosshótel Jökulsárlón hlaut umhverfisviðurkenningu í flokki fyrirtækja þar hefur hótelið undanfarin ár verið í fararbroddi í flokkun úrgangs og flokkar meðal annars allan lífrænan úrgang, pappír og bylgjupappa, plast, og dósir undan matvælum. Byggingin er að stórum hluta Svansvottuð og er vinna hafin við að umhverfsvotta hótelið í heild. Skafftellingar eru hvattir til að taka fyrrnefnda aðila til fyrirmyndar, umhverfi og samfélagi til góðs. Einnig eru íbúar hvattir til að senda inn tilnefningar til umhverfisviðurkenninga 2020 í hausti.

Styrkir nefnda og bæjarráðs

Alls bárust þrettán umsóknir um Menningarstyrki, og eru þeir veittir félagasamtökum og einstaklingum til menningartengdra verkefna. Fram kom í



máli Hólmfríðar Bryndísar að með þessum styrkjum vilji nefndin hvetja og styrkja félagasamtök og einstaklinga til frekari starfa í þágu menningar.

Eftirtalin félagasamtök hlutu styrk að þessu sinni:

Blús- og rokkklúbbur Hornafjarðar, Gleðigjafar, Samkór Hornafjarðar, Karlakórinn Jökull, Kvinnakór Hornafjarðar, Leikfélag Hornafjarðar, Lúðrasveit Hornafjarðar, Félag Harmonikkunnenda, Sviðslistahópurinn Erató, Hilmar og fuglarnir/ Ekrubandið og Hlynur Pálmason.

Frá fræðslu- og tómstundaneftnd fengu fjögur félagasamtök styrki en það voru: *Hestamannafélagið Hornfirðingur, Klifurfélag Örafinga, Umf. Sindri fimleikadeild og barnastarf Hafmarkirkju.*

Bæjarráð veitti eftirtöldum styrki í ár. *Skógræktarfélag Austur-Skaftafellssýslu, Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu, Svanhvít Helga Jóhannsdóttir og 785 FHM efn, Eva Bjarnadóttir.*

Athöfnin var hátíðleg að vanda. Björg Blöndal og Þorkell Ragnar fluttu vel valin lög í tilefni dagsins og hituðu upp fyrir blúshátíð sem haldin var um helgina.

Öllum styrk- og verðlaunahöfum er óskað til hamingju.



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Íbúafundur í Öræfum

**Bæjarráð boðar til íbúafundar í Freysnesi
23. mars kl. 14:00.**

Dagskrá

- Skipulagsmál
 - Framtíðarskipulag í Skaftafelli
 - Íbúabyggð í Öræfum
 - Þjóðvegur 1, veglína
 - Hættumat vegna sprungu á Svínafellsheiði
- Göngu- og hjólastígur í Öræfum
- Staða ferðapjónustu og atvinnumál

Íbúar eru hvattir til að koma á fundinn og taka samtál við starfsmenn og bæjarfulltrúa.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Ferðafélag Austur-Skaftfellinga

Þar sem ráðgerð ferð á Hoffellslón byggði á að lónið væri frosið og á haldi, verður að fella þá ferð niður þar sem ekki hefur verið frost síðustu misserin.



Í staðinn höfum við samið við Sigga Litla hjá Southeast Iceland um hópferð Ferðafélagsins í Íshella í Breiðamerkurjökli.

Laugardag 20. mars kl.10:00 frá Jökulsárlóni (menn verða þá að leggja af stað aðeins fyrir 9 frá Höfn). Hann er með hjálma, sem eru nauðsynlegir og einnig brodda sem er hæpið að þurfi.

Verð per mann 11.000 og 5.000 fyrir 12 ára og yngri.

Gangan er um 30 mín hvora leið frá/að bíl og er ekki erfið.

Nauðsynlegt er að ská sig í ferðina fyrir hádegi á föstudag í síma 869-0192. Nafn og fjöldi dugir, þurfum ekki kennitölu allra þátttakenda.



Hótel Höfn

óskar eftir starfsfólki
í eftirfarandi störf

Yfirumsjón með morgunverði - 25 ára og eldri

Helstu verkefni:

- * Undirbúa morgunverð
- * Frágangur og almenn þrif
- * Yfirumsjón með sal og starfsfólki
- * Innkaup í samráði við yfirkokk

Hæfniskröfur:

- * Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- * Hreinlæti og snyrtimennska skilyrði
- * Búa yfir góðri þjónustulund, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- * Íslensku- og enskukunnátta

Starfsmaður í móttöku - 20 ára og eldri

Helstu verkefni:

- * Móttaka og útskráning gesta
- * Símsvörun og almenn tölvuvinna
- * Almenn dagsskipulag

Hæfniskröfur:

- * Hreinlæti og snyrtimennska skilyrði
- * Búa yfir góðri þjónustulund, jákvæðni og hæfni í manlegum samskiptum
- * Góð enskukunnátta
- * Góð tölvukunnátta

Umsóknafresturinn er til 15. Apríl 2021
og skulu umsóknir berast á info@hotelhofn.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Tillaga að deiliskipulagi þétting byggðar í Innbæ

Bæjarstjórn Hornafjarðar auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Markmið með breytingunni er að þétta byggð í Innbæ, hún skal vera í samræmi við núverandi byggð hvað varðar tegundir, stærðir, þéttleika og ásýnd byggðar. Með þéttingu byggðar skal tryggja gönguleiðir að opnum svæðum. Þétting byggðar tekur til nýrra lóða, auk aðliggjandi byggðra lóða við Silfurbraut og Hvannabraut. Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir íbúðarlóðum fyrir einbýlishús og raðhús. Svæðið er auðkennt sem íbúðarsvæði ÍB9 í aðalskipulagi.

Tillagan var áður auglýst frá 19. desember 2019 til mánudagsins 3. febrúar 2020. Vakin er athygli á því að breytingar hafa verið gerðar frá áður auglýstri tillögu. Ein lóð var tekin út úr tillögunni og tveimur var hliðrað til. Við þverun á göngustíg var akbraut þrengd. Skilmálum hefur verið breytt m.t.t. grundunar húsa og aðgerða á framkvæmdatíma.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum að Hafnarbraut 27 frá og með fimmtudeginum 18. mars nk. til föstudagsins 30. apríl 2021 og á vef sveitarfélagsins, www.hornafjordur.is undir skipulag í kynningu.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna til **föstudagsins 30. apríl 2021**. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Hornafjarðar, Hafnarbraut 27 eða á netfangið skipulag@hornafjordur.is merkt „Þétting byggðar.“

*Brynja Dögg Ingólfssdóttir
umhverfis- og skipulagsstjóri*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Fundarboð

**Aðalfundur deildar Sauðfjábænda í A-Skaft.
verður haldinn í Holti á Mýrum miðvikudaginn 24.
mars 2021 og hefst kl. 20:30.**

Dagskrá fundarins er sem hér segir:

1. Fundarsetning.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar.
4. Kaffihlé.
5. Félagatal.
6. Kosningar.
7. Önnur mál.

Athygli er vakin á því að samkvæmt lögum deildarinnar hafa einungis aðilar að Búnaðarsambandi A-Skaft atkvæðisrétt, aðrir félagar hafa málfrelsi og tillögurétt.

Styrktaraskrift Eystrahorns

Eystrahorn hefur verið gefið út frá því 1983 og hefur verið sent á hvert heimili í sveitarfélaginu, íbúum að kostnaðarlausu, undanfarin ár. Flestir eru sammála um að útgáfa sem þessi er mikilvægur þáttur í samfélaginu okkar. Útgáfan stendur oft mjög tæpt og gæti ekki staðið undir sér nema fyrir framlag fyrirtækja, stofnanna og einstaklinga á svæðinu.

Við óskum því eftir því að Hornfirðingar styrki útgáfu blaðsins t.d. með mánaðarlegu framlagi. Nýtt kerfi hefur verið sett upp á heimasíðu Eystrahorns þar sem hægt er að styrkja blaðið með auðveldum hætti með mánaðarlegum greiðslum. Hægt er að segja upp áskriftinni hvenær sem er.

Þökkum þeim sem nú þegar styðja við útgáfuna.

1 Farðu inn á heimasíðu Eystrahorns



www.eystrahorn.is/styrktaraskrift

2 Veldu mánaðarlega upphæð



3 Skráðu inn kortanúmer í öruggt áskriftarkerfi

Þitt framlag styrkir útgáfu blaðsins, kærar þakkir

✉ eystrahorn@eystrahorn.is

🌐 www.eystrahorn.is

☎ sími: 848-3933



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma,
langamma og langa-
langamma,

**KONNÝ SIGURLÍNA
HALLGRÍMSDÓTTIR**

Húsmóðir

Víkurbraut 29

Höfn í Hornafirði

lést 13. mars s.l. á hjúkrunarheimilinu
Skjólgarði í Hornafirði.

Útför fer fram frá Hafnarkirkju mánudaginn
22. mars kl. 14:00.

Vegna fjöldatakmarkanna verða aðeins
nánustu aðstandendur viðstaddir en streymt
verður frá athöfninni á heimasíðunni www.hafnarkirkja.is

**Fyrir hönd aðstandenda
börn hinnar látnu**

